



Háskólinn  
á Akureyri

## Fundargerð háskólaráðs

295. fundur daginn 24. september 2010  
fundaherbergi N 202, nýbyggingu HA, kl. 08.30 - 11

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 08.55.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda  
Jóna Jónsdótti varafulltrúi menntamálaráðherra  
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs  
Andrea Hjálmsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Solveig Hrafnssdóttir náms- og starfsráðgjafi

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerðir 293. og 294. funda**  
**0912034, 1003030**

Fundargerð 293. fundar var samþykkt. Ein athugasemd um stafsetningu kom fram við fundargerð 294. fundar og því var ákveðið að undirrita hana á næsta fundi.

**2. Rekstraryfirlit janúar - ágúst**  
**1004008**

Úlfar dreifði og skýrði út yfirlitið. Áætlunin er endurskoðuð frá samþykktri áætlun vegna hækkanará launatengdum gjöldum um 12.5 mkr., bæði gjalda- og tekjumegin. Rekstur kennsludeild og stoðþjónustu er 880.564 mkr. eða 64.92% af áætlun en viðmiðið er 66.66%. Rekstur ýmissa verkefna er 35.473 mkr. og stofnana og setra með eigin tekjur 119.873 mkr. Útilt er fyrir að rekstur háskólans í heild verði innan áætlunar í árslok.

Fram kom að verkefnastaða miðstöðvar skólaþróunar er góð.

**3. Dómnefndarálit**

1008073 Ögmundur Knútsson, framgangur lektor-dósent.  
1008074 Vífill Karlsson, mat á lektorshæfi.

Rektor kynnti niðurstöður dómnefndar. Dómnefnd metur Ögmund Knútsson hæfan til að gegna starfi dósents og Vífil Karlsson hæfan til að gegna starfi lektors við Háskólann á Akureyri.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitin.

**4. Samfélagslegt hlutverk háskóla, Páll Skúlason**

Páll greindi frá Rannsóknastofu um háskóla sem er undir menntavísindasviði Hi og fyrirhuguðum rannsóknum á samfélagslegu hlutverki háskóla. Á málþingi 2. þ.m. lágu fyrir umræðupunktar í 12 liðum um þetta málefni. Háskólaráð lýsti

áhuga á þessum atriðum og áleit að punktarnir myndu nýtast vel í umræðu innan HA ef efnt verður til málþings eins og komið hefur til tals í háskólaráði áður.

**5. Rekstur og námsframboð 2010-2011, staða mála**

Rektor greindi frá að fræðasviðin hafa unnið að útfærslu á sparnaðaraðgerðum í 15 liðum sem samþykktar voru í háskólaráði 7. júlí sl. Forsetar fræðasviða munu verða boðaðir á fund háskólaráðs þann síðar til að fylgja eftir tillögum sínum að sparnaði árið 2011.

Varðandi rekstur háskólans árið 2012 liggur fyrir að undirbúa ákvarðanatöku um námsframboð, áherslu og forgangsverkefni í háskólastarfínu til lengri og skemmmri tíma. Upplýsingar um hvort um áframhaldandi niðurskurð á opinberum framlögum verður að ræða árið 2012 eru ekki fyrir hendi.

**6. Útgáfusjóður HA**

**0910656**

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að stjórn Útgáfusjóðs HA 2010-2013. Stjórnina skipa Astrid Margrét Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsingasviðs, formaður, Kjartan Ólafsson lektor og Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála.

**7. Ferli fyrir kvartanir nemenda**

**"[málsnúmer]"**

Solveig Hrafnssdótti kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Rakti hún aðdraganda þess að verklag um kvartanir nemenda var ákveðið. Solveig benti á að kvörtun til gæðastjóra ber að senda ef ekki tekst að leysa mál eftir öðrum leiðum sem lagðar eru til. Sagði hún einnig frá handbók fyrir nemendur sem – Rektor hvatti fulltrúa í háskólaráði til að kynna sér skjöl um málið og verður verklag um kvartanir nemenda samþykkt á næsta fundi.

Rektor þakkaði Solveigu fyrir og fór hún af fundinum.

**8. Önnur mál**

Rektor sagði frá að gerð verður gjaldskrá fyrir afnot af húsnæði og tækjabúnaði HA vegna ráðstefnuhalds. HA verður áfram aðlili að ráðstefnuhaldi þegar það á við og framlag háskólans getur verið í formi aðstöðu. Stefnt er að því að háskólinn verði í samvinnu við Akureyrarstofu og Hof um að kynna Akureyri sem ráðstefnubæ.

Háskólfundur verður haldinn 15. okt. nk. Þar verða m.a. valdir fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráð. Umboð núverandi háskólaráðs rennur út 30. okt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.